

Borgarráð

Gelgjutangi/Vogabyggð 1 - Fyrirspurn og tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina - umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Á fundi borgarráðs 6. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um verðmat við ráðstöfun lóðar á Gelgjutanga:

„Framsókn og flugvallarvinir óska eftir skriflegu svari hvers vegna miðað við var við 11 mánaða gömul verðmöt við sölu/ráðstöfun á lóð merkt 1-5 og byggingarrétti, við Gelgjutanga til Festis ehf., sem samþykkt var í borgarráði þann 2. mars 2017. Þann 19. febrúar 2015 voru samþykktar í borgarráði reglur um kaup og sölu fasteigna hjá Reykjavíkurborg. Óskað er eftir hvað réttlætti það að farið var gegn skýrum ákvæðum reglnanna, m.a. 3.2.1. við ráðstöfun lóðarinnar.“

Á sama fundi var jafnframt lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um verðmat við ráðstöfun lóðar á Gelgjutanga:

„Þar sem ljóst er að farið var gegn reglum Reykjavíkurborgar um kaup og sölu fasteigna hjá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru í borgarráði 19. febrúar 2015, er óskað eftir því að lögð verði fyrir borgarráð 2 verðmöt óvilhallra fasteignasala um verðmæti byggingarréttar á lóð merkt 1-5 við Gelgjutanga sem ráðstafað var til Festis ehf, sbr. samþykkt í borgarráði 2. mars 2017 og að miðað verði við verðmæti í mars 2017. Um er að ræða 7.930 heildarfermetrafjölda og áætlaður íbúafjöldi 63.“

Að mati skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem annaðist samningagerð vegna Vogabyggðarinnar eiga reglur Reykjavíkurborgar um kaup og sölu fasteigna ekki við um samninga um ráðstöfun lóða. Reglurnar eiga einungis við um sölu húsnæðis og íbúða sem Reykjavíkurborg hyggst selja. Í slíkum tilfellum skal miða við verðmat sem ekki er eldra en 6 mánaða.

Þegar söluverð byggingarréttar á lóðum nr. 1-5 í Vogabyggð var fundið út lá fyrir fleira en eitt verðmat en fundið var út meðaltal þeirra en sú fjárhæð var framreiknuð frá matsdegi til greiðsludags. Að mati skrifstofu eigna og atvinnuþróunar þjónar það takmörkuðum tilgangi að gera endurtaka gerð verðmats nú eins og lagt er til í fyrirliggjandi tillögu, sér í lagi þar sem lóðinni hefur þegar verið ráðstafað.

Hrólfur Jónsson
skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar